

Samsett orð

Úr kennslubók í málvísi og ljóðlist (Gorma)
e. Jón Norland og Gunnlaug V. Snævarr

Samsett orð

(Gorma bls. 128-130)

- Það eru til fleiri leiðir til að mynda ný orð en að bæta við rótina forskeytum og/eða viðskeytum.
- Ein önnur leið til orðmyndunar er að skeyta saman tveimur fullburða orðum og fá við það nýtt **samsett orð**.

Samsett orð – frh.

- Þetta er einkum gert á tvennan hátt:
 - **Stofnsamsetning** (föst samsetning):
 - Fyrri liður samsetta orðsins er án beygingarendingar, þ.e. stofn fallorða, stofn sagnorða eða smáorð (fs., ao.).
 - Dæmi: *borðfótur, jarðhús, mjóhundur, rennblautur, meðlag.*
 - **Eignarfallssamsetning** (laus samsetning):
 - Fyrri liður samsetta orðsins með beygingarendingu og stendur í eignarfalli et. eða ft.
 - Dæmi: *kóngsdóttir, jarðarverð, hestamaður, sjálfsafneitan.*

Samsett orð – frh.

- Algengast er að samsett orð séu **tvíliðuð**, þ.e. sett saman úr tveimur orðum.
- **Fleirsamsett** orð eru ekki sjaldgæf en því lengri sem orðin verða því óþjálli verða þau í munni.

Samsett orð – frh.

Þriðja aðferðin er til, við að mynda samsett orð en hún nefnist **bandstafs-** eða **tengistafssamsetning**.

- Þessi aðferð felst í því að svokölluðum bandstaf (tengistaf) er skotið inn á milli orðanna sem tengja á saman, oftast til þess að orðin verði þjálfi í framburði.
- Algengustu bandstafir eru **–i-**, **-u-** og **–s-**
- Dæmi: *fiskimaður, eldiviður, skipulag, ráðunautur, leikfimishús, landhelgisgæsla*.

Mjög auðvelt er að mynda samsett orð í íslensku og geta flestir orðflokkar myndað saman orð.